

Prettáandi fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn 10. nóvember 2014 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 16:45.

Mættir: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Leifur Guðjónsson, Maríanna Hugufrún Helgadóttir, Magnús Dalberg, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna

- a. Guðmundur Björnsson sækir um starfsleyfi fyrir mötuneyti starfsfólks í Matfugl, Völuteigi 2 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til matvælalaga.“
- b. Halldór Torfason fh. Malbikunarstöðvarinnar Höfða sækir um starfsleyfi fyrir námuvinnslu í Seljadal.
Lagt fram framkvæmdaleyfi Mosfellsbæjar dagsett 23. október 2014 ásamt álitni skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum dagsettum 1. október 2014.
Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til 9. október 2015 með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun sbr. auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 582/2000. Starfsleyfi er jafnframt háð þeim skilyrðum sem fram koma í framkvæmdaleyfi Mosfellsbæjar sem gefið var út 23. október 2014. Ganga skal frá svæðinu í samræmi við kröfur Mosfellsbæjar í lok vinnslutímans.
„Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreint starfsleyfi“.
- c. Ingólfur Ólafsson sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir Bílaverkstæðið Röðul að Flugumýri 6 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi sem getur valdið mengun.“

2. Málefni Dalsbús ehf.

- a. Bréf Vík lögmannsstofu dagsett 31. október 2014. Krafa um niðurfellingu dagsekta sem lagðar voru á Dalsbú ehf. vegna tímabilsins 15. desember 2011 til og með 15. mars 2012.
Bréfið var lagt fram. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari gagna í málinu. Frestað til næsta fundar.
- b. Bréf Vík lögmannstofu dagsett 31. október 2014. Krafa um útgáfu starfsleyfis til Dalsbús hf.
Bréfið var lagt fram. Frestað til næsta fundar.

3. Loftgæði vegna eldgoss í Holuhrauni.

Málið var rætt. Búið er að setja hlekk á eftirlit.is um helstu upplýsingar og mælingar. <http://www.eftirlit.is/index.php?pid=197> . Rætt um tilkynningar til almennings og samstarf við almannavarnir og slökkvilið. Einnig rætt um hugsanlegar mælingar á loftgæðum i sveitarfélögunum þremur.
Málinu var frestað.

4. Mál vegna þvingunarúrræða

a. Málefni Brúneggja í Mosfellsbæ vegna meðhöndlunar á úrgangi frá búinu var rætt.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að leggja dagsektir á Brúnegg sbr. 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að upphæð kr. 10.000 frá og með 1. desember og þar til rekstraraðili hefur lagt fram tímasetta áætlun um úrbætur.

b. Mál Magneu Rósu Tómasdóttur vegna söfnunar á hrossaskít á sumarbústaðalóð í landi Miðdals í Mosfellsbæ.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að áminna Magneu fyrir söfnun á hrossaskít og krefst úrbóta.

5. Önnur mál

a. Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dags 3. nóvember 2014 til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis þar sem kynnt er umsögn eftirlitsins um reglugerð er varðar móttöku á úrgangi frá skipum.